

2. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2022

Fjarfundur miðvikudaginn 15. júní 2022, kl. 18:00

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Jónas Gunnlaugsson, Heba Dís Prastardóttir og Hjalti Karlsson.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Aðalfundur var haldinn 22. apríl sl. og þá komu inn tveir nýir stjórnarmenn, Heba Dís Prastardóttir í stað Sólrúnar Geirsdóttur og Heiðrún Tryggvadóttir varamaður í stað Þorsteins Þráinssonar varamanns og voru nýir stjórnarmenn boðnir velkomnir. Guðfinna Hreiðarsdóttir er kosinn formaður áfram og kom hún með tillögu um að Guðni Guðnason verði gjaldkeri, Hjalti Karlsson varaformaður og Hlynur Reynisson ritari. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Nýtt rafrænt kerfi fyrir starfsskýrsluskil. Guðni er búin að hafa samband Abler ehf. sem rekur Sportabler og hefur fengið tilboð í kerfið fyrir Vestra. Stjórnarmenn óska eftir frekari upplýsingum um það sem er innifalið í þessu tilboði en Guðna er að öðru leyti falið að ganga frá samningi fyrir deildir Vestra sem fyrst.

3. Lottótekjur og skipting þeirra. Nýlega barst póstur frá HSV um lottótekjur til Vestra fyrir fyrstu fimm mánuði ársins og nema þær 2.162.791 kr sem þarf að skipta niður á deildir. Spurt um stöðuna á skuld körfuknattleiksdeildarinnar við aðalstjórn en lottótekjur hafa farið í að greiða hana niður. Gera má ráð fyrir að náist að greiða skuldina upp að fullu árið 2023.

4. Vefsíða og söfnunarreikningur fyrir knattspyrnuhús. Fyrirspurn hefur borist frá knattspyrnudeild Vestra um að stofna vefsíðu og söfnunarreikning fyrir knattspyrnuhús. Aðalstjórn Vestra sér ekkert því til fyrirstöðu að gera slíkt.

5. Knattspyrnuhúsið. Umræður um stöðuna á knattspyrnuhúsinu en ljóst þykir að lítið muni gerast í þeim málum á næstunni. Annars vegar er kom í ljós að lánakjör þau sem félaginu bjóðast til að fjármagna þessa framkvæmd eru óásættanleg í samanburði við sem sveitarfélaginu býðst. Hins vegar er verið á hrávöru í hæstu hæðum um þessar mundir og hleypir byggingarkostnaði upp úr öllu valdi þannig að það er ekki skynsamlegt að fara í framkvæmdir á þessum tímapunkti. Engar vísbendingar eru á lofti um batnandi ástand og má búast við því að bygging knattspyrnuhúss muni dragst um einhver ár til viðbótar. Í ljósi þessarar stöðu urðu nokkrar umræður meðal stjórnarmanna um hvort skynsamlegt gæti verið að byrja á því að leggja gervigras á aðalvöllinn á Torfnesi og helst minni völlinn líka til að bæta aðstæður til knattspyrnuíðkunar sem eru með öllu óþægilegar í dag. Tillaga um slíkt þarf þó alltaf að koma frá knattspyrnudeildinni að vel athuguðu máli.

6. Íslandsmeistarar. Þess getið að U16 lið drengja í blaki hefði náð þeim frábæra árangri að landa Íslandsmeistaratitli og væru þeir tvöfaldir meistarar þetta tímabil þar sem þeir unnu einnig Kjörísmeistaratitilinn á bikarmótinu á Akureyri sem fór fram í febrúar. Óskar aðalstjórn Vestra þeim til hamingju með glæsilegan árangur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45.